

SKÓLASKRIFSTOFA
HAFNARFJARÐARStrandgötu 31
220 HafnarfjörðurOpin mán.-fös. kl. 8-16.
Sími: 585 5800.

skolaskr@hafnarfjordur.is

RITSTJÓRN - SKRIF

Vigfus Hallgrímsson
þróunarfulltrúi grunnskóla
vigfus@hafnarfjordur.is

MARKMIÐ ÚTGÁFU

Að miðla upplýsingum til starfsfólks í grunnskólum Hafnarfjarðar, foreldra og annarra um skólamáli í Firðinum og skólaþróun. Þeir sem vilja koma upplýsingum í blaðið eru beðnir að senda tölvupóst á vigfus@hafnarfjordur.is. Þá eru vel þegar ábendingar um það sem betur má fara.

DREIFING

Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks skóla í grunnskólum Hafnarfjarðar, fulltrúa foreldra o.fl. Stefnt er að vikulegri útgáfu (með leyfilegum forföllum) á starfstíma skóla. Útgáfudagar eru föstudagar. Blaðið er 2 síður í A-4 stærð.

GRUNNSKÓLAR
HAFNARFJARÐAR

Í Hafnarfirði eru starfandi níu grunnskólar. Nemendur eru um 3800 í nálægt 180 bekkjardeildum og kennarar eru hátt í 400 en starfsmenn allir kringum 600. Skólarnir eru:

- Áslandsskóli.
www.aslandsskoli.is
- Engidalsskóli.
www.engidalsskoli.is
- Hraunvallaskóli.
www.hraunvallaskoli.is
- Hvaleyrarskóli.
www.hvaleyrarskoli.is
- Lækjarskóli.
www.laekjarskoli.is
- Setbergsskóli.
www.setbergsskoli.is
- Víðistaðaskóli.
www.vidistadaskoli.is
- Öldutúnsskóli.
www.öldutunsskoli.is
- Barnaskóli Hjallastefnunnar
www.hjalli.is/bsk7610

SKÓLASKRIFSTOFA
HAFNARFJARÐAR

Skólavefritið

4. ÁRGANGUR, 18. TBL.

14. DESEMBER 2007

Læsishátíðir í Setbergsskóla í vikunni

Í þessari viku hafa verið haldnar læsishátíðir í Setbergsskóla. Þá er haldið upp á hversu vel nemendur stóðu sig í læsismánuðinum nóvember sem haldinn er sérstaklega í skólanum. Í læsismánuðinum var áhersla á að lesa mikið og fyrir hverja lesna bók var hengt upp laufblað á sérstakt tré (sjá ljósmynd) til að sýna hve nemendur í skólanum lásu mikið. Læsismánuðirinn er stór hluti af forystuskóla-verkefni Setbergsskóla sem er á sviði læsis og námsvitundar. Með læsismánuði í nóvember er verið að hvetja nemendur til að lesa

meira og minna á mikilvægi íslensks máls og ræktun þess. Það felur m.a. í sér hvatningu að lesa sem flestar bækur. Á hátíðinni voru afhentar viðurkenningar, hlustað á tónlist og upplestur og drukkið ekta súkkulaði.

Það eru þær Herdís Snorradóttir og Margrét Böðvarsdóttir, kennarar og verkefnisstjórar forystuskóla-verkefnisins, sem stýra læsishátíðunum.



Frá Læsishátíð í Setbergsskóla í vikunni. Nemendur í 2. bekk að lesa upp fyrir jafnaldra.

Gleðileg jól og farsælt komandi ár

Forystuskólaverkefnið á fullri ferð

Forystuskólarnir í Hafnarfirði eru sjö, fjórir leikskólar og þrjár grunnskólar. Þeir hafa á haustönninni haldið áfram sínum verkefnum og það sem einkennir verkefnið þetta haustið er að það er að:

- efla skólafélag með kennslu af ýmsum toga og mennta nemendur sérstaklega í viðfangsefni forystuskólahlutverksins
- þjálf nýja starfsmenn skólanna til að þeir geti tekið virkan þátt í verkefni á sama stað og þeir sem fyrir eru



- efla skipulag á verkefni, t.d. að koma meiri upplýsingum um það á vef skólans og viðhafa miklar skráningar á því þar sem leitað er leiða til að tryggja sem öflugasta upplýsingamiðlun og samhæfa vinnu

kennara að markmiði verkefnisins

- bæta menntun starfsfólks skóla í viðfangsefni forystuhlutverksins heldur áfram
- þróa forystuskólaverkefnið frá fyrra ári, þ.e. því er breytt og það endurskipulagt ef tilefni hefur þótt vera til staðar til að gera betur en á síðasta ári, betrubæta verkefni frá síðasta ári vegna breyttra aðstæðna í nemendahópi viðkomandi skóla.

Margt er því að gerast hjá forystuskólum og mikilli þróun og gerjun í gangi.

Skólaþróun



Tilkynningar og fréttaskot um það sem er á döfinni

- » Nýtt frá Námsgagnastofnun: Fyrr í haust kom út kennslubók í tónmennt sem hér **Hljóðspor - um blús og rokk**. Nú er komið til viðbótar við það efni kennarabók og hlustunarefni á fjórum geisladiskum með tónðæmum frá 20. öld. Þá voru að koma út kennsluleiðbeiningar við kennslubókina **Stærðfræði 8+** ásamt svörum. Að síðustu er að geta hljóðbókar þar sem kennslubókin **Ísland - veröld til að njóta** er lesin upp en hún er ætluð í landafræðikennslu á miðstigi.
- » Út er komin á vefnum jólabók þar sem lesa má einn kafla á dag. Sagan er eftir rithöfundinn Kikku (Kristlaug María Sigurðardóttir). Bókin er öllum aðgengileg til lesturs og útprentunar. Um er að ræða skemmtilega jólasögu fyrir krakka í 24 hlutum. Á vefnum jonolafur.is er hægt að hlusta á söguna lesna en nýr kafla bætist við á hverjum degi til jóla. Heimilt er að afrita söguna, hlaða hana niður af Internetinu, prenta út, lesa opinberlega og lesa í baði eða njóta á annan sambærilegan hátt, án sérstaks leyfis höfundar og útgefanda. Við opinberan lestur, s.s. í skólastofum skal höfundar getið og höfundaréttur skal ávart virtur.




Myndirnar hér til vinstri eru frá jólapemasýningu í Hvaleyrarskóla.



Að ala á umburðarlyndi og virðingu

Fræðirit vikunnar er bandarísk handbók fyrir kennara, ráðgjafa og skólastjórnendur sem nefnist **Responding to Hate at School**. Þetta er 68 síðna handbók sem ætlað er að veita ráðleggingar til skólafólks um vinnubrögð, aðgerðir og viðbrögð við hatursverkum. Það er líklega tímann táknað að viðfangsefni sem þetta þurfi að ræða og þekja vel til söku frétta af ofbeldisverkum í skólum, ekki síst mjög alvarlegum.



Áhersla handbókarinnar er að fyrirbyggja að skólar

VEFSLÓÐ: <http://www.tolerance.org/pdf/rthas.pdf>

Fræðiefnið

verði vettvangur atburða þar sem reiði og heift ná völdum og hvernig skóla-umhverfið getur dregið úr hatursáhrifum til að fyrirbyggja sem mest líkur á að ofbeldi verði hluti skólalífsins. Þannig eru veittar ýmsar hugmyndir um það hvernig skólar geti unnið gegn áhrifum haturs og ofbeldis til að beina nemendum inn á veg umburðarlyndis og virðingar.

Sjálfsgagt þarft málefni til að skoða þótt áhugi á málefnum stafi aldrei af góðu.

Tilkynning vikunnar

Skólavefritið tekur nú jólafrí og kemur næst út föstudaginn 11. janúar.

Skólavefritið óskar lesendum sínum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.

Næsta blað Skólavefritsins er væntanlegt föstudaginn 11. janúar 2008

Nýr ritunarvefur í íslenskunámi unglinga

Ritfærni er nýr kennsluvefur í ritun fyrir unglinga og er tengdur nýrri aðalnámsskrá í íslensku sem opnaður var í vikunni. Þar er margvíslegt efni tengt íslenskunámi unglinga, t.d. gagnvirk verkefni, leiðbeiningar um ritun, kveikjur í kennsluverkefni og fleira. Vefurinn er nokkuð ítarlegur.



VEFSLÓÐ: <http://ritfaerri.nams.is/>

Vefhornið